

„Silfri krýnda Héraðsdís“

*Snaefell skín í suðri sælu:
Silfri krýnda héraðsdís,
frá þér holla fynn ég kælu,
fögurlega djáns þitt rís.
Heilsa það þér bróðir svás,
Barður hvítí, Snaefellsás.
Hann á vestra hros og lötning
hér ert þu hin ríka drottning.
M.J.*

Inngangur

Þegar festa skal orð á blað um Snaefell, liggur við að manni fallist hendur. Svo hátignarleg er ímynd þess í hugum okkar Héraðsbúa, svo glæst og hafin yfir rauveruleikann, að manni finnst eins og ekkert sé um þetta fjall að segja, a.m.k. ekkert sem hæfir tign þess og veldi. Það er í rauninni ólýsanlegt eins og sjálfur guðdómurinn, enda felur það í sér drjúgan part af eðli hans. Það tengir saman himin og jörð. Þó það sé gert af jafn-efnum er það meira í ætt við himininn, eins og það birtist okkur Kannske verður því best lýst með orðum Kíljans úr upphafi 4. bókar Heimsljóss (Fegurð himinsins):

*„Par sem jökullinn her við loft
hattir landið að vera jarðneskt, en
jörðin fær blutdeild í himninum,
þar búa ekki framir neinar sorgir
og þess vegna er gleðin ekki nauð-
synleg. Þar ríkir fegurðin ein, ofar
hverri krölu.“*

Varla mun nokkurt fjall á Íslandi bera jafn mikið höfuð og herðar yfir svo víðlenda byggð, sem Snaefell yfir Fljótsdalshéraði. Það er hér sannarlega „Fjallid eina“. Það er þannig sett, fyrir suðvesturstafti Héraðs, að ekki verður betra háseti fundið fyrir „Héraðsdís“ eða drottningu Héraðsins. Þessi fjalladrottning hefur líka sína hiro: hnjúkana, sem eru um 20 talsins. Þeir girða fjallið í halfbring, og myndu sumir vera taldir stæðileg fjöll, ef þeir væru ekki í nábyli við risann.

Þegar heiðskýrt er kringum Snaefell, birtist tindurinn silfurhvítur við himinblámann. Í ljósa-skriptunum sveipast hann oft fjólubláu mistri, sem gerir hann ójarðneskan og upphafinn. Fegurist er þetta þó í skammdögnum, þegar sólin sest í grennd við fellid og himininn verður sem eldsglöd eða skiragull. Þá getur Snaefell orðið eins og viti, er stafar geislaflóði út yfir Héraðið. Máske birtist hin ójarðneska fegurð fellisins þó aldrer eins skýrt eins og í gláða tungsljósi á vetrum, þegar landið er snævi þakid og Fljótið ísi lagt. Þá yfir enginn undrandi þótt álfa-drottningin birtist og heilsaði honum eins og í kvæði þeirra Heimes og Jónasar (Stöð ég út í tungsljósi).

Eins og Olymptindur er toppur Snaefells þó oft hulinn skjáhattu, er vindar háloftsins begja í ýmsar áttir, teygja og toga í alls konar myndir og litaskraut. Þannig hefur það verið þegar Sigfús á Skjögna-stöðum var á ferð yfir Fljótsdals-heiði, með Rannveigu dóttur sinni og kvað:

*Snaefells tindum háa hreina,
huminindar gyflur binda.*

Og stelpa svaraði að bragði:
*„Hans er strandi, höldar meina,
hvørsdagssyndi sunnan vinda.“*



Helgi Halgrímsson.

Goðahelgi á Snaefelli (Fjallvæturinn)

Varla er vafi á því að hinir fornu Héraðsbúar hafi bundið einhverna átrúnað við Snaefell. Því að fjalla-dýrkun var alltið í heiðnum síð. Við getum rétt ímyndað okkur þá ægilegurd sem birtist hinum fyrstu landnámsmönnum, er þeir komu neðan af fjörðum og litu yfir Héraðið, skógi skrytt og vatnaspeglum, og þessi silfurhvítu tindur blasti við, kórónaður gullnum skjýum í nóntað. Hvað ætli þeim



„Sem konungur upp yfir ásana rís...“ Stöð yfir Egilsstaði og Lagarfjöt, til Snaefells. (Mynd úr bæklingnum „Arund Iceland '90“)

hafi dottið í hug nema sá „helgi áss“, sjálfur þrumugudinn Þór, akandi í gullreið sinni með hófrunum fyrir.

Skýldi það vera nokkur tilviljun, að eyjaflæmið sudaustan við Snaefell, eithvert fegursta flæðiland á Íslandi, hefur frá fornu fari nefnst Þóriseyjar, og eitt stærsta fellid í hiru Snaefells er kallað Hafursfell.

Hafnar Óku-Þórs voru tveir, og hafi menn líkt Hafursfelli við annan þeirra, þá hafa Nálhúshnjúkar staðið fyrir þeim. Þar eru nokkuð áberandi móbergsdrangar (nálhúsin), sem geta verið hornin á hafrinum. Nú er meira að segja hamarinn „Mjólhir“ kominn á sinn stað, því að vestan í Snaefelli rís þverhnúshamar mikill hátt uppi í fjallinu, sem farið er að kalla Hamar eða Hamarinn.

Ýmis goðahelginöfn má finna í grenndinni. Þórfell er á heiðarbrúnir ofan Egilsstaði, Þórisstaðakvísl við Præláháls og fornþýð Þórisstaðir í Hrafnkelsdal. Ennfremur Ragnaborg, á Múlanum andspenis Laugafelli. Auðvitað gátu þessi ornefni verið dregin af mannsnafninu Þórir, en það verður að teljast fremur ólíklegt, því það hefur aldrei verið tit

á Austurlandi. (Á hinn bóginn var tíska á seinni öldum, að breyta fornum ornefnum þannig að þau virtust vera dregin af mannanöfn-um).

Þegar Sveinn Pálsson kemur í Fljótsdal árið 1794, eimr enn eftir af hinu fornu goðahelgi Snaefells. Sveinn ritar:

*„Pau munnmæli löða við fjall
þetta - eins og mörg önnur - að eng-
inn meggi ganga upp á það, og sé
átaf brugðið, verði slíki ófórfsku
jafnan refsað með illvöldri.“*

Svipuð hjátrú var t.d. á Snaefell-jökli, Heklu og Herðubreið, en varla á mörgum fjöllum öðrum, þótt Sveinn taki svo til orða.

Skyggj kona, Erla Stefánsdóttir, búsett í Reykjavík, hefur séð voldugan fjallvætt (fjalltíva) í Snaefelli. Hann líkist einna mest strök eða tré, en í honum má líka greina ýmsar myndir. Stundum gnæfir hann hátt yfir fjallið, jafnvel upp úr skjáhalunni. Erla segir hvíta, bláa og gyllta litu eða ljósta-ona vera mest áberandi í þessari undurlýsu mynd, sem varla er hægt að lýsa, nema með teikningu.

Hugsanlega eru það segulkraft-linur fjallsins, sem Erla greinir á þennan hátt.

Snaefell í Þjóðtrúnni

Í Þjóðtrúnni hefur Snaefell og umhverfi þess orðið þekktast fyrir útilegumannasögur. Í hugarheimi Fljótsdælinga og annara Héraðsbúa, fyrir á öldum, voru þar „huldur dalir“, með goðum landkostum, jafnvel heilar byggðir, með sýslumönnum. Þessi trú var enn í fullu gildi fram á 19. öld.

Mariutungur

Þetta var stutt með ornefnum eins og *Mariutungur*, en svo nefnist krikinn milli skriðjökklanna miklu, Brúarjökuls og Eyjabakkajökuls, sem Valþjófsstaðarkirkja eignaðist snemma á öldum, og draga þær líklega nafn af því.

Er talið að þar hafi fyrrum verið gróðursælt land. Til merkis um það er ákvæði í gömlum jarðabréfum, að Skríða í Fljótsdal fékk „hundrad lamba rekur“ í Mariutungur, gegn torfskurdi á 20 hesta í landi Skríðu. Sveinn Pálsson segir að þangað hafi verið farið til grasa fyrrum (Ferðabók s. 385). En náttúruöflin hafa verið seig við að eyða þessari gróðurum, t.d. gekk Brúarjökull langt fram á Tungurnar 1890.

Mariutungur koma víða fyrir í útilegumannasögum af Héraði, og eru þá gjarnan staðsettar öðru vísi en nú telst rétt. Í *Grimu* segir um Tungurnar:

*„Einnig lá orð á, að útilegu-
mannabyggð væri á öræfunum inn
af Hrafnkelsdal og Jökuldal. Á
þeim öræfunum inn við jökla, var
landspilda, sem menn kölluðu
Mariutungur, frjósamu land og
fagurt, og þar hugðu menn að
byggð útilegumanna væri. Nú eru
þessar Mariutungur huldur jökli.“*
(Grima hin nýja 3. bindi, s. 49).

Í Þjóðsögum Sigfúsar er þessi innskotsgrein í „Sögninni af Mjóá-Teina“.

*„Þar eru Vesturóræfi fyrir norð-
an Snaefell, að Jökulsá á Dal, en að
sunnanverðu við fellid, kemur
Jökulsá í Fljótsdal í mörgum
kvíslum úr Vatnajökli. Milli kvísl-
anna heita Mariutungur. En stann-
in Jökulsár í Fljótsdal liggur Múla-
áfréttur. Í Mariutungum stæðist oft
fé eftir á haustum.“*

Þarna eru Mariutungur komnar austur á Þóriseyjar, og má segja að þá hafi heitög María tekið við arfleið Ókupsþórs.

„Landahringur“

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er *„Sagan af Skúla bónda“* skráð eftir handriti Guðbrands Erlendssonar á Þáskrudssfríð.

Þar segir frá stúlkunni Sigríði, sem útilegumenn rændu frá Glámsstöðum í Fljótsdal. Ári síðar lendir Skúli bóndi á Glámsstöðum til byggða þeirra og hittir stúlkuna, sem þá er gift sýslumanni þeirra útilegumanna, og þeir lúna við Skúla:

*„Hann er sýslumaður yfir þess-
um landshluta, er Landahringur
heitur.“*

Sýslumaður hafði áður náð öllum fénaði bónda til sín, og baud honum nú að koma og setjast að í sínum byggðum, sem bóndi þáði með þökkum, enda voru þar mun betri landkostir en í Fljótsdal.

Þannig voru útilegumannabyggð-irnar sérstakur heimur, sem ekki hlitti reglum íslenskrar veðráttu eða staðháttu enda var oft stutt milli hans og álheims eða heims jarðbúa.

Eitt sinn var Sögu-Guðmundur á Bessastöðum í eftirleitum undir Fellum, ásamt fleirum, og lögðust þeir til svefnis í Mariutungum, en Gvendur vakti. Sá hann þá „karl og kerlingu ganga út úr einum melhölnum“ og stefna að þeim. *„En þau urðu þess vor að ég væri
og stönguð, og sneið svo inn í slit
inni aftur.“* Þá kom í ljós að einn félagi Gvendur hafði dreymt það sama.

*„Allir þeir félagar trúðu að þeim
nöfnum hefði birst þetta í vöku og
svefni, og að karlinn og kerlingin
hefðu verið útilegumenn, eða öllu
heldur álfar eða aðrir jarðbúar.
Föru þeir þaðan hid bráðasta.“* (Þjóðsögur Sigfúsar XI, 291).

Hér má einnig geta þess, að í *Hálskofa*, austan undir Snaefelli, hafa menn oft orðið varir við „reimleika“, án þess að á því hafi lengist nein viðhlytandi skýring.

Kannske eru „jarðbúar“ þar enn að verki.

„Dýrt er drottins orðið“

Sagan er Snaefellshjófönurum er skráð af Sigfúsi Sigfússyni og birt í Þjóðsögum hans XII. bindi s. 17-21, eftir Jóni Pálssyni (blinda) í Viðvallerði og Bergljóti Sigurðardóttur á Skeggjastöðum (langömmu minni). *„Leikur sagan mjög á ýmsum tungum“,* segir Sigfús, og dregur dóm af Hellismannasögu. Annars virðist hún til þess ætluð, að skýra þjófa-ornefnið við Snaefell og ýmis ornefni í Fljótsdal, svo sem bæjarnafnið Valþjófsstaður.

Söguþráðurinn er þannig í stuttu máli: Á dögum Svarthöfða prests á Valþjófsstað lögðust 18 þjófar út, og bjuggu um sig í helli undir fossi í Þjófaleiði (nú Þjófagilsá), sem kemur úr Þjófadal sunnanvert við Snaefell, milli þess og Þjófahjúka. Þaðan lögðust þeir á fénað Fljótsdælinga, og fóru ránsferðir út um Hérað.

Fjórir eru nafngreindir, er þóttu verstir viðureignir: Galti, Valur, Valþjófur og Valnastakur. En hann var svo nefndur af því hann gekk í brynju úr saubarvolum. *„Með tímanum gerðu þeir sér skála við ána í Þjófadal. Var hann graf-
inn djúpt í jörðu og markar þar
enn fyrir grunnlagi hans.“*


Nú segir af því, að Fljótsdælingarnast nærri sér höggvið, og skutu á fundi um málið. Þar bauð sonur Svarthöfða sig fram til að heim-sækja ræningja og koma þeim í hendur byggðamanna. Fréttist stuttu seinna, að hann hefði framið glæp og væri horfinn.

En það er af prestssyni að segja, að hann lagði leið sína inn í Þjófadal, hitti þá útilegumenn, og sagði sínar farir ekki sléttar. Tóku þeir við honum eftir miklar fortölur, og eftir nokkur ár var hann orðinn sem einn af þeim. Tók hann þá að ámalga við þá, að fara niður í dalinn og ræna sér konum, og lagði á ráðin með aðferðina. Kvað best að taka þær við messu í Valþjófsstaðarkirkju, þegar byggðamenn yggðu ekki að sér.

Var afráðid að reyna þetta um hýttasöndunna. Prestsson kom boðum til heimamanna, með því að binda spjalð við hornin á forustusauf föður síns. Höfðu Fljótsdælingar mikinn viðbúnað. Sátu karlar fremst í kirkjunni, alvopnaðir, dulbúnir sem konur, en konur allar í kór.

Koma nú ræningjar að kirkjunni og ráðgast um. Sýndist þeim lítills við þurfa og skildu vopn sín eftir úti og báðu prestsson geta þeirra. En þegar í kirkjunna kom urðu heldur betur viðbrigið. Tókst nú bardagi, sem endaði með að ræningjar voru allir felldir. Sumir voru eftir uppi og drepnir þar sem við-eigandi ornefni segja til.

„Samadist á þeim, ef sagan er sönn, að „Dýrt er Drottins orðið.““ segir Gunnar Gunnarsson. (Árbók F.Í. 1944, 89). Leiði þeirra voru til ýmis á Valþjófsstað allt fram á miðja þessa öld, kölluð *Þjófaleiði* eða Prælaeiði, en voru þá stéttuð, illu heilli.



„Grænmoðla, hláðbúð eilífum ís“, sést Snaefell hér af Lagarfjoti gegnum Norðurdal. Múlinn til vinstri og Valþjófsstaðafjalli til hægri. Tekið með aðdráttur-linsu. J. Jónsson. Rafn Hafufjörð